

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. maí 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti (811. mál).

Samtökin styðja framkomið frumvarp sem er ætlað að afstýra miklu efnahagslegu tjóni komi til fjöldagjaldþrota fyrirtækja af völdum tekjusamdráttar vegna kórónaveirunnar. Mikilvægt er fyrir samfélagið að þessum fyrirtækjum verði gert kleift að draga úr starfsemi tímabundið, endurskipuleggja fjárhag og vera tilbúinn að taka þátt í efnahagslegri viðspyrnu efnahagslífsins þegar þau tækifæru munu gefast.

Til að tryggja markmið frumvarpsins þarf að endurskoða nokkra þætti þess, m.a. svo úrræðið nái til þeirra fyrirtækja sem því er ætlað að ná til.

4. gr. Tekjusamdráttur eftir 1. mars 2020

Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekjur atvinnurekanda hafi dregist saman um a.m.k. 75% frá 1. mars 2020 og til uppsagnardags. Þar sem flestar uppsagnir áttu sér stað m.v. 1. maí 2020 þá reynir hér á 75% meðalsamdrátt í mánuðunum mars og apríl samanborið við þau tímabil sem tilgreind eru í 2. tl. 4. gr.

Ljóst er að þetta viðmið mun útilokað mörg fyrirtæki sem sannanlega hafa orðið fyrir 75% - 95% tekjusamdrætti, ættu með réttu að falla undir úrræðið og nauðsynlegt er að styðja til að koma í veg fyrir gjaldþrot með tilheyrandi tjóni fyrir samfélagið.

Að mati samtakanna er hér mikilvægt að horfa til markmiða frumvarpsins og aðlaga tímasetningar svo úrræðið nái þeirri virkni sem að er stefnt.

Töluvert var um ferðamenn á Íslandi fyrri hluta marsmánaðar. Tölur frá Ferðamálastofu sýna að um 80 þúsund erlendir ríkisborgara fóru frá Íslandi í mars 2020. Því má gera ráð fyrir að fyrirtæki í verslun og þjónustu hafi fengið nokkrar tekjur í marsmánuði.

Samtökin telja því óhjákvæmilegt að færa þetta viðmið og miða þess í stað við tekjusamdrátt frá **1. apríl 2020**.

Samtökin hafa skoðað hvort raunhæft sé að miða við **15. mars** sem upphaf tekjusamdráttar. Samtökin telja ýmis rök mæla gegn því að miða við það tímamark:

- Dagsetning tekjuskráningar vegna tekna í mars gæti hér skilið á milli feigs og ófeigs, án þess að sérstök rök standi fyrir því. Fyrirtæki sem í hlut eiga hafa tekið saman tekjur fyrir marsmánuð en það væri óheppilegt ef tímasetning tekjuskráningar innan mánaðarins ráði því hvort fyrirtækið uppfyllir skilyrði frumvarpsins.
- Hjá ferðaþjónustu- og viðburðafyrirtækjum fólst vinna starfsfólks fyrst og fremst í því að taka við afbókunum vegna þjónustu sem bókuð hafði verið sumar og haust 2020. Í stað þess að tekjur bærust jafn og þétt yfir sumarið voru afbókunargjöld tekjufærð síðari hluta marsmánaðar.
- Fyrsta auglýsingin um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, nr. 217/2020, tók gildi 16. mars 2020 kl. 00:01. Fyrirtæki gátu fyrir þann tíma viðhaft hefðbundna starfsemi. Eðlilegt tekjustreymi fyrri hluta mars á ekki að verða til þess að fyrirtæki geti ekki nýtt sér úrræðið.
- Þegar upp er staðið þá eru engin sérstök rök fyrir því að takmarka aðgang að þessu úrræði þegar í hlut eiga fyrirtæki sem uppfylla kröfu um 75% tekjufall og þurfa að þeim sökum að segja upp starfsfólki sínu.

Breyting úr 1. mars í 1. apríl felur í sér að einnig þarf að breyta tilvísun til upphafsdags uppsagnarfrests launamanns, enda falla uppsagnir m.v. 1. apríl 2020 undir gildissvið frumvarpsins þótt einungis séu greidd laun á uppsagnarfresti eftir 1. maí 2020.

Samtökin leggja til að í stað þess að vísa til upphafsdags uppsagnar þá verði miðað við afmarkað tímabil sem gildi fyrir atvinnurekanda óháð gildistöku einstakra uppsagna. Miða má t.d. við meðaltal mánaðartekna frá 1. apríl til 31. maí samanborið við þau tímabil sem tilgreind eru í 2. tl. 4. gr. Með því er náð til þeirra fyrirtækja sem ætlunin er að ná til með frumvarpinu.

4. gr. Kvaðir

Samkvæmt 3. tl. 4. gr. eru settar kvaðir á fyrirtækin ef þau hafa notið stuðnings vegna greiðslu launa á uppsagnarfresti. Rétt er að endurskoða þessar kvaðir svo þær torveldi ekki nauðsynlega fjármögnun og endurskipulagningu fyrirtækja.

Arður: Mörg fyrirtæki leita nú að nýjum fjárfestum enda erfitt um vik að nálgast lánsfé. Það kann að reynast erfitt ef ekki verður heimilt að greiða úr arð næstu 6 – 7 árin.

Það er einnig rétt að hafa í huga að stjórnendum er skv. hlutafélagalögum óheimilt að takmarka rétt hluthafafundar til að ákveða arðgreiðslu. Jafnvel þótt stjórn geri ekki tillögu til hluthafafundar um arðgreiðslu eiga hluthafar sem eiga samtals minnst 1/10 hluta hlutafjár kröfu um að tilteknum arði sé úthlutað, sbr. 2. mgr.



101. gr. hfl. Að mati samtakanna er verið að takmarka þennan mikilvæga, lögbundna rétt minnihluta hluthafa ef arðgreiðsla verður ekki ákvörðuð nema með tilheyrandi tjóni fyrir félagið, þ.e. að því verði samhliða gert að endurgreiða atvinnuleysisbætur starfsmanna með álagi.

Rétt er að mati samtakanna endurskoða ákvæði um arðgreiðslur, stytta tímabilið (t.d. til ársloka 2022), heimila takmarkaðar arðgreiðslur og veita heimild til að tekjufæra hraðar sjóð skv. 8. gr. frumvarpsins.

Kaup á eigin bréfum: Dæmi eru um að starfsmönnum er nú sagt upp störfum sem eiga lítinn hlut (partner / eigandi). Samkvæmt samningi ber atvinnurekanda að kaupa hlutinn komi til uppsagnar starfsmanns. Óhjákvæmilegt er að félög virði gerða samninga við starfsmenn. Það má ekki leiða til þess að félögin verði útilokuð frá þessu úrræði.

Í tengslum við endurskipulagningu og samruna fyrirtækja þá getur komið til kaupa á eigin bréfum. Rétt er að nefndin skoði hvort lögbinda verði undanþágur til að hamla ekki nauðsynlegri hagræðingu í atvinnulífinu.

Sama á við um „aðra greiðslu til eigenda á grundvelli eignaraðildar hans“. Ef um er að ræða óhjákvæmilegar efndir samninga þá verður að telja þá ráðstöfun eðlilega.

Rétt er að skoða almennt tímamörk kvaða skv. 3. tl. 4. gr.

7. gr. Tilhögun greiðslna

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að stuðningur sé greiddur eftir á til atvinnurekanda á grundvelli staðfestingar Skattsins á greiðslu staðgreiðslu. Ef staðfesting á greiðslu staðgreiðslu vegna máf launa berst t.d. 15. júní þá má gera ráð fyrir endurgreiðslu um miðjan júlí.

Þetta fyrirkomulag er að mörgu leyti gallað þegar í hlut eiga fyrirtæki í miklum lausafjársanda og eiga ekki kost á lánsfé til að greiða laun. Það er óskynsamlegt að neyða fyrirtækin í að þurfa að selja atvinnutækin á brunaútsölu til að fjármagna laun og launatengd gjöld sem koma til baka að stórum hluta 45 dögum síðar.

Einnig kann að reynast örðugt að gera staðfestingu á greiðslu staðgreiðslu að skilyrði enda ráð fyrir því gert í bráðabirgðaákvæði VI með lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda að launagreiðendum í verulegum rekstrarörðugleikum sé heimilt að sækja um frestun á skilum afdreginnar staðgreiðslu af launum sem eru á gjalddaga 1. apríl til 1. desember 2020.

Óhjákvæmilegt er að bjóða upp á tvær leiðir:

Atvinnurekandi getur greitt laun:

Ef atvinnurekandi getur staðið skil á launum og launatengdum gjöldum þá greiðir hann þau á gjalddaga og óskar svo eftir stuðningi. Hann skilar skilagrein til

Skattsins og afhendir önnur gögn því til staðfestingar að starfsmanni hafi verið greidd eins og þau eru skráð í skilagrein.

Hugsanlega á þetta einungis við um maímánuð en eftir það þurfi atvinnurekandi að reiða sig á að ríkið hafi milligöngu um greiðslu launa.

Atvinnurekandi getur ekki greitt laun:

Fjöldmörg fyrirtæki, sem undir þetta úrræði falla, geta ekki greitt laun á uppsagnarfresti. Þau munu reyna að greiða starfsfólki við vinnu eins stóran hluta nettólauna og þeim er unnt en að öðru leyti verða laun og launatengd gjöld í vanskilum. Því þarf í lögum vegna þessa úrræðis að gera ráð fyrir eftirfarandi framgangsmáta:

- Atvinnurekandi skili skilagrein til Skattsins vegna staðgreiðslu. Fram komi á skilagrein að hvað marki laun / launakostnaður hafi verið greiddur og hvaða greiðslur eru í vanskilum.
- Atvinnurekandi skili launaseðlum og eftir atvikum öðrum gögnum sem sýni hvaða greiðslur hafa verið inntar af hendi (innágreiðsla launa).
- Skatturinn greiði vangreidd laun / launakostnað f.h. atvinnurekanda, að uppfylltum skilyrðum um afmörkun stuðnings.

Með þessu fyrirkomulagi er einnig náð einu meginmarkmiði frumvarpsins að gæta hagsmuna launafólks.

11. gr. Réttindi launamanna

Ákvæði um forgang til sambærilegs starfs kann að verða erfitt í framkvæmd og er rétt að gera á því nokkrar breytingar.

Mörg minni fyrirtæki í ferðaþjónustu eru fjölskyldufyrirtæki þar sem æskilegra getur verið vegna rekstrarins og fjárhags fjölskyldunnar að ráða maka, börn eða foreldra til starfa heldur en einstaklinga sem áður voru í starfi, sér í lagi þegar þessir nákomnu einstaklingar hafa einnig misst vinnu sína vegna þrenginga í atvinnulífinu. Rétt er að tilgreina í frumvarpinu að þessar ráðningar brjóti ekki gegn forgangsrétti.

Einnig er rétt að gera að skilyrði að til að njóta forgangs til starfs þurfi fyrrum starfsmaður vera skráður atvinnulaus hjá Vinnumálastofnun. Atvinnurekandi beinir þá starfstilboði til stofnunarinnar og hún getur haft eftirlit með starfstilboðum og viðbrögðum við þeim. Eðlilegt er að fyrrum starfsmaður uppfylli skilyrði laga um atvinnuleysistryggingar, m.a. um að vera vinnufær og tilbúinn að taka atvinnutilboði án ástæðulausrar tafar (sbr. 1. mgr. 57. gr. laga um atvinnuleysistryggingar). Ekki er fullnægjandi að „svara“ einungis tilboði innan tíu virkra daga eins og lagt er til í frumvarpinu.

Þegar starfsmaður er endurráðinn heldur hann áunnum réttindum skv. kjarasamningum. Með áunnum réttindum skv. kjarasamningum er átt við

starfsaldur til launa, uppsagnarfrest, veikindarétt, orlof og eftir atvikum önnur réttindi skv. kjarasamningi sem tengd eru starfsaldri. Réttindi skv. ráðningarsamningi kunna hins vegar að víkja enda getur þurft vegna erfiðs rekstrar að bjóða lægri kjör eða viðbótarréttindi, þó þannig að lágmarkskjör kjarasamninga séu virt. Sama á við um starfshlutfall fyrst um sinn.

Ef brotið er gegn forgangsrétti fyrrum starfsmanns þá telst það vera brot á lögnum og varðar sektum. Þar sem starfsmaður hefur að fullu fengið uppsagnarfrest greiddan þá verður ekki séð að hann eigi sjálfur neina kröfu á fyrrum vinnuveitanda telji hann forgangsrétt hafa verið brotinn. Rétt er að áréttu þennan skilning í nefndarálit.

15. gr. Viðurlög

Samkvæmt 15. gr. frumvarpsins geta brot gegn lögnum varðað sektum eða fangelsi, m.a. ófullnægjandi upplýsingagjöf. Vísað er í greinargerð til ákvæða almennra hegningarlaga um fjárdrátt og fjársvik. Lögaðilar geta á á grundvelli þessa ákvæðis fengið sekt vegna brota en ef í hlut á einstaklingur í atvinnurekstri þá geta brot varðar fangelsi. Þessi mismunun á grundvelli rekstrarforma gengur ekki að mati samtakanna.

Ef ætlunin er að láta hörð viðurlög ná til forsvarsmanna lögaðila þá er rétt að benda á að upplýsingagjöf skv. lögnum og önnur samskipti við Skattinn er sjaldnast á höndum forsvarsmanna heldur þeirra sem annast starfsmannamál eða fjármál innan fyrirtækja. Því er hæpið að forsvarsmáður lögaðila beri hlutlæga refsíabyrgð vegna rangra eða ófullnægjandi upplýsingagjafar samstarfsmanna.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Ragnar Arnason, lögmaður,
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri



f.h. Samtaka iðnaðarins

Björg A. Þórðardóttir

Björg Ásta Þórðardóttir, lögmaður,
yfirlögfræðingur Samtaka iðnaðarins

f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu

Benedikt S Benediktsson

Benedikt S. Benediktsson, lögfræðingur